



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til útgefenda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða

19. október 2016

Tilvísun: 2016010157

Efni: Nýlegar túlkanir Fjármálaeftirlitsins á ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti

Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á nokkrum túlkunum sem Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni á síðastliðnum mánuðum. Í þeim er fjallað um eftirfarandi atriði:

- Í túlkun sem var birt þann 19. október sl. kemur fram að niðurstöður útboða fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, feli að jafnaði í sér innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.). Birta þarf slíkar upplýsingar eins fljótt og hægt er eftir að þær liggja fyrir og innan sama dags. Jafnframt kemur fram að fleiri upplýsingar sem myndast í útboðum geti falið í sér innherjaupplýsingar s.s. fjöldi tilboða, verðbil og dýpt tilboða.
- Í túlkun sem var birt 13. september sl. kemur fram að við mat á flöggunarskyldu samkvæmt 78.-80. gr. vvl. skuli miða við stöðu atkvæðisréttar í lok dags þegar um mörg víðskipti er að ræða. Til dæmis stofnast flöggunarskylda ekki ef verulegur hlutur atkvæðisréttar breytist í mörgum víðskiptum innan sama dags, ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að staða atkvæðisréttar í lok dags hefur ekki náð, hækkað yfir eða lækkað niður fyrir þau mörk sem tiltekin eru í 78. gr. vvl.
- Í túlkun sem birt var þann 24. júní sl. kemur fram að tilkynningarskylda fruminnherja samkvæmt 126. vvl. eigi alltaf við þegar tilfærsla á eignarhaldi á sér stað s.s. vegna verðbréfalána, m.a. vegna víðskiptavaktar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Túlkarnir má finna í heild sinni á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum Réttarheimildir/Túlkarnir.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Friðriksson
Páll Friðriksson

Inga Dröfn Benediktsdóttir
Inga Dröfn Benediktsdóttir